Aðgerðaráætlun vegna biðlista í greiningu barna

Óskað er eftir afstöðu fræðsluráðs til að efla skólasálfræðiþjónustu með tímabundnu viðbótarstöðugildi eða kaupum á sérfræðiþjónustu í verktöku. Markmiðið er að stytta biðtíma barna eftir greiningu, vinna niður eldri mál og tryggja áframhaldandi stuðning við börn og fjölskyldur á biðtíma.

1. Áskorun

Á undanförnum árum hefur biðtími eftir greiningu hjá skólasálfræðingi lengst, meðal annars vegna mönnunarvanda. Takmarkað framboð á afleysingu og tímabil þar sem enginn sálfræðingur var starfandi á skólaskrifstofunni hefur leitt til uppsöfnunar mála. Að lokinni greiningu í heimabyggð getur tekið við frekari bið hjá þeim börnum sem þurfa sérhæfða athugun hjá viðeigandi greiningaraðilum, svo sem vegna gruns um einhverfu eða þroskaskerðingu.

2. Markmið

Stytta biðtíma: Stefnt verði að því að hámarksbið verði í fyrsta áfanga ekki lengri en 12-18 mánuðir, með langtímamarkmiði um enn styttri bið. Börn með brýna þjónustuþörf fái faglegt mat og stuðning án óþarfa tafar.

Fækka börnum á biðlista*:* Vinna markvisst niður eldri mál samhliða því að afgreiða nýjar tilvísanir samkvæmt skilgreindu verklagi.

Styrkja mönnun: Bæta tímabundið við stöðugildi skólasálfræðings eða kaupa sérfræðiþjónustu í verktöku.

Efla faglegt verklag: Nota viðurkenndar forskimanir og frumathuganir til að meta þörf fyrir frekari greiningu. Forskimun er ekki ætlað að útloka greiningarþörf einar og sér.

Efla endurmenntun: Skipuleggja fræðslu fyrir kennara og annað starfsfólk skóla um athyglisvanda, hegðunarvanda og námsaðlögun.

Foreldraráðgjöf og foreldrafærninámskeið: Styðja og efla foreldra varðandi rútínur, skýr mörk og jákvæð samskipti með ráðgjöf og hagnýtum aðferðum.

Stuðningur án greiningar: Tryggja viðeigandi stuðning í skóla og ráðgjöf til fjölskyldna á biðtíma, óháð því hvort formleg greining liggur fyrir.

3. Skref aðgerðaráætlunar

Tímabil	Aðgerðir	Ábyrgð
Skref 1 jan-mars 2027	Kortleggja biðlista, fjölda nýrra tilvísana og biðtíma. Flokka mál eftir þjónustuþörf og yfirfara verkferla, forskimanir og forgangsröðun. Skipuleggja fræðslu fyrir starfsfólk skóla og foreldrafærninámskeið, meðal annars með mögulegu samstarfi við ADHD samtökin. Tryggja stuðning í skóla á biðtíma.	Deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála; sálfræðingar og skólar
Skref 2 Allt árið 2027	Vinna skipulega niður elstu mál samhliða nýjum tilvísunum. Meta brýn mál sérstaklega út frá áhrifum á líðan, nám og daglega virkni. Beita faglega viðeigandi forskimunum og	Deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála; skólaþjónusta

	beina börnum í rétt úrræði. Innleiða tímabundna viðbótarmönnun eða aðkeypta þjónustu eftir samþykkt fjárheimildar.	
Skref 3 júní og desember 2027	Taka saman stöðuskýrslu um fjölda barna á biðlista, miðgildi og lengsta biðtíma, nýjar tilvísanir, lokin mál og framkvæmd fræðslu og stuðnings. Meta hvort biðlisti styttist og hvort aðgerðir skili tilætluðum árangri.	Deildarstjóri fræðslu- og uppeldismála; sviðsstjóri
Skref 4 Við fjárhagsáætlanagerð 2028	Meta hvort viðbótarstöðugildi eða aðkeypt þjónusta þurfi að verða varanleg. Skilgreina áframhaldandi þjónustuviðmið og leggja fram tillögur að fjármögnun á grundvelli árangurs og stöðu biðlista.	Sviðstjóri, fræðsluráð og bæjarstjórn

4. Tillaga um viðbótarstöðugildi eða aukna fjármögnun

Skólaskrifstofa leggur til að óskað verði eftir tímabundnu fjármagni til að bæta við einu stöðugildi sálfræðings. Ef ráðning tekst ekki verði heimilt að nýta fjárheimildina, að hluta eða öllu leyti, til kaupa á sérfræðiþjónustu í verktöku.

Áður en endanlegt fyrirkomulag verður ákveðið verði lagt mat á fjölda mála, áætlaðan tíma á hvert mál, árlega afkastagetu og kostnað við hvora leið. Með því verði hægt að áætla áhrif viðbótarþjónustu á biðlista og bera saman hagkvæmni úrræða.

5. Rökstuðningur fyrir eflingu þjónustunnar

Langur biðtími eftir skólasálfræðilegri þjónustu er veruleg áskorun fyrir börn, fjölskyldur og skóla. Uppsöfnun mála hefur meðal annars orðið vegna erfiðleika við mönnun og tímabila þar sem ekki hefur tekist að tryggja samfellda þjónustu.

Tímabundin efling þjónustunnar er nauðsynleg til að vinna niður uppsafnaðan biðlista og sinna nýjum tilvísunum. Sérstaklega þarf að horfa til barna sem þurfa áframhaldandi greiningu hjá sérhæfðum aðilum og kunna að þurfa að bíða aftur eftir frumgreiningu í heimabyggð.

Samhliða viðbótarmönnun verði lögð áhersla á snemmtækan stuðning, ráðgjöf til kennara og foreldra og skilvirka nýtingu sérfræðiþekkingar. Árangur verði metinn reglulega með hliðsjón af biðtíma, afgreiðslu mála og gæðum þjónustunnar.